



„Lífsjátning“ — endurminningar Guðmundu Elíasdóttur

ÚT ER komin hjá Íðunni bókin „Lífsjátning“, endurminningar Guðmundu Elíasdóttur söngkonu. Ingólfur Margeirsson skráði. — Þetta er stór bók, tæpar þrjú hundruð blaðsíður og með mörgum myndum.

„Saga Guðmundu er ævintýri líkust,“ segir m.a. á kápusíðu, — „og þó umbrotasamari en nokkurt ævintýri. Hún segir hér frá bernsku sinni og uppveiti á Vestfjörðum, dvöl í Reykjavík rétt fyrir seinna stríð, starfi og námi í Kaupmannahöfn á myrkum hernámsárum, þar sem hún hlýðir kalli söngsins. Hún greinir frá hjúskap sínum sem var nokkuð rysjöttur á köflum, margvíslegum vinakynnum, listferli sínum og lífsbaráttu heima og erlendis.“

Haukur Clausen á Kjarvalsstöðum

Myndlist


Valtýr Pétursson

Þeim er ekki fisjað saman Clausenbræðrum, eins og þeir vita, sem muna þá tíma, er þeir gerðust mestir garpar í Evrópu, en síðan eru liðnir tugir ára og margt hefur á daga þeirra drengja drifið síðan. Nú er Haukur þekktur tannlæknir og hefur unnið að þeirri listgrein um langt árabil, en færri hafa vitað, að jafnframt tannlækninum hefur hann lagt stund á málalist í frístundum sínum af sömu elju og hann hefur sýnt á öðrum sviðum. En eplið fellur ekki langt frá eikinni, eins og þar stendur. Faðir þeirra bræðra var mikið með pentskúfinn á lofti, er hann átti stund frá því að aka ráðherrum um allar trissur. Nú hefur Haukur gert sér lítið fyrir og fyllt Vestursal Kjarvalsstaða með olíumálverkum og vatnslitamyndum, og það er engin smásýning þarna á ferð; 105

númer, geri aðrir betur í hjáverkum.

Landslagið er aðalviðfangs efni Hauks á þessari sýningu. Hann vinnur myndir sínar bæði í olíulitum og vatnslitum. Ein abstraktmynd er þarna eins og óboðinn gestur, en að mínum dómi er hún með því besta, sem á sýningunni finnst. Það er engu líkara en að hið abstrakta form eigi einkar vel við skapferli Hauks, og hann kemur mér fyrir sjónir sem snarpur íþróttaiðkandi í þessu verki. Nú má vera, að hann sjálfur sé á öðru máli, og hann um það. En ég er sannfærður um, að honum hæfir betur að taka duglega til hendi en að nostra of mikið við viðfangs efni, eins og óneitanlega kemur í ljós í sumum þeirra verka, er hann sýnir þarna. Það fer heldur ekki milli mála, að þessi sýning Hauks er nokkuð misjöfn, og skal það ekki koma neinum á óvart, þegar aðstæður og fjöldi verka er meðtekinn í reikninginn.

Persónulega finnst mér Haukur Clausen ná bestum árangri í sumum af vatnslitamyndum sín-




um, og það er mitt álit, að í mörgum tilfellum hefði hann átt að nota karton við innrömmun, en hann segist ekki vilja sjá slíkt. Svona eru skoðanir oft á tíðum skiptar. Allt er á þessari sýningu vandlega innrammað, og eru ekki margir listamenn, sem efni hafa á slíkum lúxus. Frágangur allur er því mjög vandadur og til sóma Hauki. Þarna voru nokkur verk, sem komust nær mér en önnur. Má minnst á nr. 83, er mér féll sérlega í geð og 101, sem er vatnslitamynd. Nr. 96 einnig í vatnslitum og nr. 71, 68 og nr. 38,

Akrafall. Ef fólk gætir vel að, kemur í ljós, að ég er mest inni á vatnslitum hjá Hauki. Það er eins og hann nái ekki sama árangri í olíumálverkum sínum, og má það vera vegna þess, hve hann er háður fyrirmyndum sínum og leggur áherslu á að koma þeim sem nosturlegast til skila.

Þegar á heild þessarar sýningar er lítið, verður maður aldeilis hlessa yfir þeim mikla mannlega krafti, sem stendur að baki henni, þegar það er athugað, að hér er um frístundavinnu að ræða. Til hamingju með af-raksturinn.

Heilmikið
úrval
af
ítölskum
smávörum

Tilvalið í
jólagjafir
til
heimilisins



Salómon svartí og Bjartur í endurútgáfu

BÓKAFORLAG Odds Björnssonar hefur gefið út bókina Salómon svartí og Bjartur eftir barnabókahöfundinn Hjört Gíslason. Bókin kom fyrst út fyrir 20 árum og naut mikilla vinsælda meðal barna og unglunga. Bókin hefur verið ófáanleg í mörg ár.

Í bókinni er sagt frá ýmsum ævintýrum, sem bræðurnir Fífi og Fói lenda í ásamt þeim félögum Salómoni og Bjarti. Salómon er hrútur en Bjartur er hrafn, hvítur hrafn, sem þeir bræður og félagar þeirra finna og ala upp. Viðskipti krakkanna og dýranna við Láka löggú eru skemmtileg. Bókin er hollt les efni fyrir bæði börn og full-orðna, þar sem gamanið situr í fyrirrúmi. Fjöldmargar teikningar eru í bókinni eftir Halldór Pétursson, listmálara.

KM-HÚSGÖGN Langholtsvegi 111, símar 37010-37144.

